

A 1738/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um

**þingmannatillögu
um lýðháskóla á Norðurlöndum****Tillaga**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð haldi ekki áfram með þingmannatillögu um *lýðháskóla á Norðurlöndum*.

Bakgrunnur

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún kanni möguleika á að stofna norrænan lýðháskóla í öllum löndunum.

Þekkingar- og menningarnefnd fjallaði um þingmannatillöguna um *lýðháskóla á Norðurlöndum* (A 1738) á fundi sínum í janúar 2018 í Stokkhólmi. Á fundinum ákvað nefndin að senda tillöguna í umsagnarferli til hlutaðeigandi aðila alls staðar á Norðurlöndum.

Umsagnir bárust frá Nordiska folkhögskolerådet, Folkehøgskolernes Forening í Danmörku, Folkehøgskolerådet í Noregi, Finlands Folkhögskolförening, Rørelse-folkhögskolornas interesseorganisation í Svíþjóð, Norræna lýðháskólanum í Kungälv í Svíþjóð, Nordens folkhögskola Biskops Arnö í Svíþjóð og Nordiska konstskolan í Kokkola í Finnlandi.

Allir umsagnaraðilar fagna því að Norðurlandaráð sýni áhuga á málefnum lýðháskóla, hvað varðar aukið norrænt samstarf skólanna en einnig að gera Norðurlönd sýnilegri hjá skólunum. Engu að síður er um það samstaða að tillagan um að tilnefna einn norrænan lýðháskóla í hverju landi sé ekki besta leiðin til að vekja athygli á Norðurlöndum meðal lýðháskólanna.

Nordiska folkhögskolerådet undirstrikar í umsögn sinni að lýðháskólinn sem uppeldisstofnun sé birtingarmynd hins norræna þar sem mikil áhersla er lögð á frelsi, gagnsæi, lýðræðislegan þroska og virka samfélagsþátttöku hins almenna borgara. Folkehøgskolernes Forening í Danmörku og Rørelsefolkhögskolornas



interesseorganisation í Svíþjóð benda í umsögnum sínum á að hugmyndin um að tilnefna tiltekinn skóla sem norrænan lýðháskóla brjóti í bága við hugmyndafræðina um að lýðháskólar eigi að vera frjálsar og óháðar stofnanir sem skipuleggja starfsemi sína sjálfar.

Engu að síður eru umsagnaraðilar sammála um að aðrar leiðir séu færar til að efla norræna vídd lýðháskólanna. Allir benda þeir á að erfiðara sé orðið fyrir nemendur að fá námsstyrki/námslán til að stunda nám í öðru norrænu landi og leggja þeir til að reglur um námsstyrki til lýðháskólanáms í öðru norrænu landi verði samræmdar. Þá óska þeir eftir því að leiðir til fjármögnunar á samstarfi lýðháskólasambanda landanna verði eflaðar, til að mynda Nordplus og að nemendum verði gefinn kostur á að sækja um ferðastyrki hjá Nordplus.

Nordiska folkhögskoleráðet óskar í umsögn sinni eftir því að ráðið fái að hitta nefndina til að ræða þessi mál frekar. Nefndin getur á sumarfundi sínum rætt hvort hún vilji bjóða fulltrúum ráðsins á fund nefndarinnar á þinginu í Ósló og ræða í framhaldinu hugsanleg ný verkefni og tillögur á þessu sviði.

Sjónarmið nefndarinnar

Í ljósi þeirra umsagna sem borist hafa leggur nefndin til að ekki verði haldið áfram með þingmannatillöguna. Þess í stað bjóði nefndin Nordiska folkhögskoleráðet á fund sinn til að ræða aðrar leiðir til að auðvelða nemendum að stunda lýðháskólanám í öðru norrænu landi og til að efla samstarfsnet lýðháskóla á öllum Norðurlöndum.

Ósló, 30. október 2018

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Aron Emilsson (SD)

Daniel Riazat (V)

Johanna Karimäki (gröna)

Jorodd Asphjell (A)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Lars Mejern Larsson (S)

Maarit Feldt-Ranta (sd)

Marianne Synnes (H)

Mogens Jensen (S)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Peter Östman (kd)

Silvia Modig (vänst)

Tony Wikström (ÅSD)